

Alþingi
Erindi nr. P 131/219
komudagur 26.11.2004

Til sjávarútvegsnefndar Alþingis

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



24. nóvember 2004

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS).
Frumvarp til laga um breytingu á lögum 57/1996,
um umgengni um nytjastofna sjávar.
Þskj. 217 - Mál nr. 215.

LS er sammála efni frumvarpsins og leggur áherslu á að það verði að lögum svo fljótt sem verða má.

Lög byggð á frumvarpinu munu leiða til meira réttlætis og skilvirkni. Eðli og umfang brota eru afarmisjöfn og eiga dómstólar að hafa möguleika á að ákvarða sektarupphæð með hliðsjón af því.

LS bendir á að með bréfi 7. mars 1996 og 2. maí 1997 veitti félagið umsögn um efni þess frumvarps sem hér er til skoðunar. Í tv. bréfi f. 2. maí segir í umsögn LS um 16. og 17. gr. frumvarpsins:

„LS ítrekar fyrri afstöðu sína, sem fram kom í athugasemdum við frv. Til laga um umgengni um auðlindir sjávar (7. mars 1996) og varða sektarákvæði.

LS telur að sektir taki mið af húftryggingarmati viðkomandi skips eða líklegu aflaverðmæti. Lágmarki á sekt telur LS ekki eiga rétt á sér. Dómstólar eiga að hafa tök á að ákveða sekt m.t.t. eðli brots.

Verði engar breytingar gerðar á því sem lagt er til í frumvarpinu mundu óhjákvæmilega koma upp tilvik þar sem sekt væri ekki í neinu samræmi við brotið. Má þar nefna sem dæmi yfirsjón við merkingu veiðarfæra.“

Ofanritað þó 8 ára gamalt sé, er í fullu samræmi við efni frumvarpsins og er hér með vakin athygli á því.

Virðingarfyllst

Örn Pálsson framkvæmdastjóri